

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 192/1999

frá 17. desember 1999

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/94 frá 7. júní 1994⁽¹⁾.
- 2) Breyta ber bókun 31 við samninginn í því skyni að gera EFTA-ríkjunum kleift að eiga aðild að evrópskri ráðgjafarmiðstöð á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/150/EB)⁽²⁾.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað fyrsta undirliðar í 1. mgr. 3. gr. bókunar 31 við samninginn:

- „- stefnu- og framkvæmdaáætlanir um umhverfismál og einkum innan ramma starfsemi bandalagsins sem leitt gæti af eftirtöldum gerðum bandalagsins:
- **493 Y 0517:** Ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna sem komu saman á vegum ráðsins 1. febrúar 1993 til þess að fjalla um áætlun bandalagsins um stefnu og aðgerðir á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar (Stjtið. EB C 138, 17.5.1993, bls. 1),

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 30.7.1994, bls. 142 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 25, 30.7.1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 58, 27.2.1997, bls. 48.

- **397 D 0150:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/150/EB frá 24. febrúar 1997 um að koma á fót evrópskri ráðgjafarmiðstöð á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar (Stjtíð. EB L 58 27.2.1997, bls. 48).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 17. desember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner